

8.

HEIMSFRIÐURINN GETUR OLTÍÐ Á VÖRNUM ÍSLANDS.

Að þjóðfrelsi Íslendinga sækja nú m.a. tvær hættur. Önnur stafar af því að segja má, að gerbylting á sviði samgangan og hernaðartækni hafi flutt Ísland í hlaðvarpa jafnt austurs og vesturs. Ísland getur því hvenær, sem er, orðið fórn á altari alheimsátaka. Telja sumir, að þá þættina í örlogaþræði Íslendinga spinni aðrir og fari því bezt á, að vér leiðum hest vorn hjá þeim málum. Aðrir, og þeir eru miklu fleiri, telja hinsvegar, að þótt vér séum litlir, séum vér samt ekki þýðingarlitlir. Vér séum þvert á móti vegna legu landsins svo þýðingarmiklir, að hugsanlegt sé, að heimsfriðurinn velti á því að varnarleysi Íslands freisti ekki hugsanlegs árásaraðila til átaka, sem hann ella hefði ekki stofnað til. Og þeir telja víst, að komi til átaka, sé a.m.k. mjög sennilegt, að öflugar landvarnir á Íslandi auki líkur fyrir sigri mannhelgi og þjóðfrelsis og dragi jafnframt úr þeim hættum, sem Íslendingum stafi af skelfingum nýrrar heimstyrjaldar.

Það er þessi grundvallarskoðun lýðræðisflokkanna, sem réði því, að Íslendingar árið 1949 gerðust aðilar að varnarbandalagi hinna frelsisunnandi vestrænu þjóða, Atlantshafsbandalaginu. Og það var vegna þess, að horfur á, að heimsfriðurinn þældist, versnuðu, að lýðræðisflokkarnir tveim árum síðar af raunsærrí dómgreind fólu Bandaríkjunum að verja landið á vegum Atlantshafsbandalagsins. Tóku menn þá vitandi vits á sig vandkvæðin, sem æfinlega leiða af dvöl erlends varnarliðs í landinu, til þess með þeim hætti að freista þess að bægja þjóðinni og jafnvel mannkyninu öllu ómælanlegum hörmungum nýrrar ger-eyðingarsturjaldar.

Oss Íslendinga greinir að vísu á um, með hverjum hætti vér helzt fáum varist yfirvofandi ógnum hernaðaráttaka. - En vér erum á einu máli um. að svo geti farið, að erlend bára flæði yfir Ísland og færi land og lýð í kaf. En slíkt hið sama má segja um flestar menningarþjóðir veraldarinnar. Það er að sjálfsögðu þjóðleg skylda vor að gera allar þær skynsamlegar varnarráðstafanir, sem vér höfum vit á og getu til, en hitt er engu síður áriðandi, að vér forðumst að láta óttann við það, sem vér litlu fáum um ráðið, skyggja á þau sannindi, að hver er sinnar hamingju smiður. Oss ber því vandlega að forðast að láta vitneskjuna um það, hversu litlu vér ráðum um margt, er mestu skiptir, lama þrótt vörn og baráttuhug, þar sem og þegar sigurhorfurnar velta á eigin afrekum.

Þetta boðorð verðum vér í heiðri að hafa, því að
ella vegum vér að þjóðfrelsinu innan frá.

Úr áramótaávarpi 31. desember 1953.
(Mbl. 3. janúar 1954).